



Umsögn Kirkjugarðasambands Íslands til fjárlaganefndar vegna frumvarps til fjárlaga 2019

Kirkjugarðasamband Íslands (KGSÍ) gerir alvarlegar athugasemdir framlög sem ráðgert er að renni til kirkjugarða landsins samkvæmt kafla 10.2. um trúmál í fjárlagafrumvarpi fyrir 2019, sem nú liggur fyrir Alþingi. KGSÍ óskar eftir að þessi fjárframlög verði tekin til endurskoðunar í meðferð þingsins.

Vegna vanefnda ríkisins á þjónustusamningi við kirkjugarðaráð sem gerður var 2005 glíma kirkjugarðar landsins við vaxandi rekstrarvanda sem mætt hefur verið með því að draga úr rekstrarkostnaði og umhirðu og fresta viðhaldi og framkvæmdum. Ef fram heldur sem horfir stefnir í ófni hjá kirkjugörðum víða um land og ljóst er að draga þarf enn frekar úr umhirðu garðanna og rekstrarkostnaði.

KGSÍ vísar til umsagnar Kirkjugarðaráðs, sem send hefur verið fjárlaganefnd vegna þessa máls, en þar segir m.a.:

„Fjárlagafrumvarpið fyrir 2019 sem nú liggur fyrir Alþingi boðar óbreytt ástand og felur í sér að gjaldalíkanið sem hefur verið skert um 40% mun halda áfram að reikna einingaverð sem eru fjarri raunvirði. Samkvæmt fylgiriti með frumvarpinu verður heildarframlag til kirkjugarða í landinu á næsta ári 1.187.200.000 króna sem er tæplega 5% hækkun á milli árána 2018 og 2019. Ef gjaldalíkanið tæki mið af þeim einingaverðum sem samið var um 2005 væri upphæðin í heild árið 2019 um 1.700 m.kr. Mismunurinn í fjárveitingum sem vantar fer að nálgast 500 m.kr. á hverju ári, ef fram fer sem horfir. Á árinu 2018 vantaði 460 m.kr. frá ríkissjóði til að samningurinn frá árinu 2005 væri uppfylltur.“

KGSÍ kynnti hugmyndir að lausn málsins á fundi með fjárlaganefnd í maímánuði sl. og lagði fram tillögur á fundi með ráðherra 15. ágúst. Tillögurnar sem lagðar voru fyrir Sigríði Andersen dómsmálaráðherra, taka til kostnaðar vegna lögbundinna verkefna garðanna og eru sem hér segir:

1. Lagt er til að kirkjugarðarnir fái 150 m.kr. viðbót við uppreiknað framlag 2019 og að sú viðbót verði reiknuð inn í einingaverð gjaldalíkansins við fjárlagagerðina sem nú stendur yfir.
2. Við fjárlagagerð á næsta ári, vegna 2020, fái kirkjugarðar aftur 150 m.kr. viðbót sem yrði einnig reiknuð inn í einingaverð gjaldalíkansins. Með þessum hækkunum væri búið að hækka einingaverðin um 300 m.kr. árið 2020 miðað við framlagið á yfirstandandi ári. Þar með væri búið að leiðrétta um 2/3 þeirrar lækkunar sem varð á einingaverðum á árunum 2009-2018. Tillögurnar miða við lögbundin verkefni kirkjugarðanna.
3. Lagt er til að í greiðslulíkanið komi viðbótarframlag til að unnt verði að standa straum af útfarargreiðslum til presta og þeirra sem annast útfarir annarra trú- og lífsskoðunarfélaga. Ríkið ákvað á sínum tíma að þessi útgjöld skyldu tekin af greftrunargjaldi kirkjugarðanna og hefur síðan ákveðið einhliða að hækka þessa greiðslu um rúm 80% án þess að aukin fjárframlög kæmu til kirkjugarðanna til að mæta þeim útgjöldum.

4. Kirkjugörðum verði með lagabreytingu heimilað að taka upp gjald vegna reksturs líkhúsa og athafnarýma.
5. Samningur ríkisins og kirkjugarðaráðs um fjármál kirkjugarðanna kemur næst til endurnýjunar árið 2019. Lagt er til að fram að fjárlagagerð 2020 verði tíminn notaður til að ganga frá nýju samkomulagi. Í því verði skilgreint mun nákvæmar en gert var 2005 hvaða lögbundnu verkefnum kirkjugörðunum beri að sinna.

Fulltrúar KGSÍ eru reiðbúnir að mæta á fund fjárlaganefndar og/eða að útvega frekari gögn um þann vanda sem steðjar að kirkjugörðum landsins ef þess er óskað.

Reykjavík 8. október 2018

Virðingarfyllt,

Þórsteinn Ragnarsson
Form. Kirkjugarðasambands Íslands